

## D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

---

Fimmtudaginn 4. janúar 1979.

Nr. 2/1978. **Félag Loftleiðaflugmanna**  
 (Hjörtur Torfason hrl.)  
 gegn  
**Vinnuveitendasambandi Íslands**  
**f.h. Loftleiða h/f og Flugleiða h/f**  
 (Einar Árnason hdl.)

Kaupgjaldsákvæði kjarasamnings.

**Dómur.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu útgefni 17. ágúst 1978.

Stefnandi er Félag Loftleiðaflugmanna hér í borg.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Loftleiða h/f og Flugleiða h/f, hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði, „að laun flugmanna, sem starfa hjá Loftleiðum h/f, fyrir þann starfstíma á tímabilinu frá og með 1. marz 1978 til og með 31. maí 1978, sem launin eru byggð á samningi flugmanna og Loftleiða h/f frá 28. apríl 1976, skulu reiknuð og greidd með hlutfallslegri hækkun framfærsluvísitölu frá 1. nóvember 1977 til 1. febrúar 1978, eftir þeim reglum, sem annars greinir í nefndum samningi“. Ennfremur er það krafa stefnanda, að Loftleiðum h/f og Flugleiðum h/f verði gert að greiða kostnað af málinu fyrir Félagsdómi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 21. maí 1974 gerðu Félag íslenzkra atvinnuflugmanna

annars vegar og Loftleiðir h/f og Flugfélag Íslands h/f hins vegar samning um kaup og kjör atvinnuflugmanna. Gildistími kaupgjaldsákvæða samningsins var frá 1. febrúar 1974 til 1. febrúar 1976. Í 10. kafla var kveðið á um launaflokka og föst mánaðarlaun. Í 2. lið þess kafla (10.2) var tekið fram, að laun þau, sem tilgreind voru, fælu í sér vísitölubætur miðað við febrúar 1974, framfærsluvísitala 242 stig, en skyldu síðan breytt á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar framfærsluvísitölu að sjö tíundu hlutum. Einnig var kveðið á um, að kaupgjaldsákvæði samningsins skyldu uppsegjanleg með eins mánaðar fyrirvara, ef gengi íslenzkrar krónu yrði fellt gagnvart bandaríkjadollar. Með samkomulagi Flugleiða h/f f.h. Loftleiða h/f og Flugfélags Íslands og Félags íslenzkra atvinnuflugmanna 14. júní 1975 var kveðið á um að síðastgreindur kjarasamningur aðilanna skyldi framlengdur til 1. febrúar 1976 með nokkrum breytingum launaákvæða, en samkvæmt 8. gr. samkomulagsins skyldu verðlagsbætur fara eftir ákvæðum 9. gr. samnings Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 13. júní 1975. Með samningi dags. 28. apríl 1976 milli Loftleiða h/f og flugmanna sem störfuðu hjá félaginu var samið um að áðurgreint samkomulag milli samtaka flugmanna og Flugleiða h/f frá 14. júní 1975 skyldi gilda sem samningur milli aðilanna með nokkrum breytingum, þar á meðal svofelldum ákvæðum um laun og launatryggingu:

„II. LAUN OG LAUNATRYGGING:

1. 1. marz 1976           6% almenn hækkun, þegar framkvæmd
2. 1. marz 1976           5% sérleghækkun v. nýrra rýmri ákvæða  
um framkvæmd leiguflugs þ.m.t. pila-  
grímaflugs (1-2 = 11%)
3. 1. júní 1976           6% launahækkun
4. 1. júlí 1976           „rautt strik“ þ.e. ef vísitala framfærslu-  
kostnaðar verður hærri en 557 stig 1. júní  
1976, skulu laun flugmanna Loftleiða  
hækka frá 1. júlí 1976 í hlutfalli við  
hækkun vísitölnnar umfram þetta  
mark.
5. 1. september 1976   6% launahækkun
6. 1. nóvember 1976   „rautt strik“, þ.e. ef vísitala framfærslu-  
kostnaðar verður hærri en 586 stig 1.  
október 1976 og minnst 5.2% hærri en

- vísitalan 1. júní 1976 skulu laun flugmanna Loftleiða hækka frá 1. nóvember 1976 í hlutfalli við hækkun vísitölunnar umfram 586 stig eða umfram þá vísitölu, er reiknuð var út 1. júní 1976 að viðbætti 5.2% hækkun, hvort sem herra er.
7. 1. janúar 1977 5% launahækkun
8. 1. marz 1977 „rautt strik“, þ.e. ef vísitala framfærslukostnaðar verður hærri en 612 stig 1. feb. 1977 og minnst 4.4% hærri en vísitalan 1. október 1976, skulu laun flugmanna Loftleiða hækka frá 1. marz 1977 í hlutfalli við hækkun vísitölunnar umfram 612 stig eða umfram þá vísitölu, er reiknuð var út 1. október 1976 að viðbætti 4.4% hækkun, hvort sem herra er.
9. 1. júní 1977 Laun hækki hlutfallslega um hækkun framfærsluvísitölu á tímabilinu 1/2—1/5 1977.
10. 1. september 1977 Laun hækki hlutfallslega um hækkun framfærsluvísitölu á tímabilinu 1/5—1/8 1977.
11. Um útreikning vísitölu gildir eftirfarandi: Við útreikning umframhækkunar skal miða við framfærsluvísitölu 1. júní 1976, 1. október 1976 og 1. febrúar 1977 reiknaða með 2 aukastöfum, að frádreginni þeirri hækkun hennar, er leitt hefur af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru eftir 1. febrúar 1976, vegna launahækkana á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti. Frá framfærsluvísitölu 1. júní 1976, 1. október 1976 og 1. febrúar 1977

skal einnig draga þá hækkun hennar, er kann að hafa orðið eftir 1. febrúar 1976 vegna hækkunar á útsöluverði áfengis og tóbaks. Kauplagnesfnd framkvæmir þessa útreikninga og tilkynnir hækkun launa frá 1. júlí 1976, 1. nóvember 1976 og 1. marz 1977, er til hennar kemur.“

Gildistími samningsins var til 15. október 1977, en hann var uppsaganlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Kæmi ekki til uppsagnar skyldi samningurinn gilda áfram í eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Sama dag og samningur þessi var undirritaður undirrituðu fyrirsvartsmenn samningsaðila svofellda yfirlýsingu:

„Undirritaðir aðilar, sem í dag hafa gert með sér samning um kaup og kjör, eru sammála um eftirfarandi framkvæmd 9. og 10. tl. II. kafla samningsins:

Við útreikning vísitölubóta 1. maí 1977 og 1. ágúst 1977 skulu síðast gildandi laun hækka í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu eftir 1/2 1977 án frádráttar, skv. 11. tl. II. kafla.“

Hinn 22. júní 1977 gerðu Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnu-málasamband samvinnufélaganna og Reykjavíkurborg annars vegar og Alþýðusamband Íslands og mörg önnur samtök launþega hins vegar samning um kjör launþega í þeim samtökum, en ekki var stefnandi aðili að þeim samningi. Var í 1. gr. samningsins kveðið svo á, að síðast gildandi samningar þessara aðila skyldu framlengjast með þeim breytingum, sem þessi samningur og sérsamningar fælu í sér. Í 3. gr. samningsins eru svofelld ákvæði um verðbætur: „1. Greiða skal verðbætur á laun miðað við sérstaka verðbótavísitölu, sem Kauplagnesfnd reiknar (með tveimur aukastöfum) á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar. Verðbótavísitalan hefur grunntöluna 100 hinn 1. maí 1977. Í grunni hennar eru öll útgjöld í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar hinn 1. maí 1977, nema áfengis- og tóbaksútgjöld sem ekki skulu talin með. Við útreikning verðbótavísitölu, skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar, er leitt hefur af hækkun á vinnulið núgildandi verðlagsgrundvallar búvöru eftir 1. maí 1977 vegna launahækkana á almennum vinnumarkaði, gildir þetta eins þótt slík verðhækkun komi

ekki fram í útsöluverði sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

2. Hinn 1. september 1977 skulu mánaðarlaun hækka um 880 kr. fyrir hvert stig, sem verðbótavísitalan hefur hækkað frá 1. maí 1977 til 1. ágúst 1977. Hinn 1. desember 1977 skulu mánaðarlaun hækka um 930 kr. fyrir hvert stig, sem verðbótavísitalan hefur hækkað frá 1. ágúst til 1. nóvember 1977. Samsvarandi hækkanir komi í báðum tilvikum á viku- og tímakaup. Frá og með 1. marz 1978 og síðan á þriggja mánaða fresti greiðast verðbætur á alla kauptaxta í beinu hlutfalli við hækkun verðbótavísitölu frá 1. desember 1977.

3. Auk þess að reikna verðbótavísitölu skv. 1. lið á þriggja mánaða fresti skal Kauplagnesfnnd áætla, hver hún hefði orðið í byrjun þeirra mánaða, sem hún er ekki reiknuð samkvæmt beinni verðupptöku.

4. Auk verðbóta skv. lið 1. og 2. hér að framan, skal frá og með 1. desember 1977 greiða sérstakan verðbótaauka fyrir hvert þriggja mánaða tímabil, þannig að reiknuð er sú meðalverðbótavísitala (með tveimur aukastöfum), sem gilt hafði á næstliðnu þriggja mánaða tímabili, ef greiddar hefðu verið mánaðarlegar verðbætur eftir á með mánaðartöf frá 1. september 1977 að telja. Við þessa útreikninga skal fara eftir áætlunum Kauplagnesfnndar um mánaðarlega verðbótavísitölu. Fyrir hvert stig, sem þessi reiknaða meðalverðbótavísitala fyrir mánuðina september, október, og nóvember 1977 er meira en 1 stig hærri en verðbótavísitalan, sem í gildi var á þessu þriggja mánaða tímabili, skal greiða 930 krónur í verðbótaauka á mánaðarlaun á þriggja mánaða tímabili, (verðbótaauki greiðist hlutfallslega á hluta úr stigi) sem hefst 1. desember 1977. Verðbótaauki þessi fylgir að öðru leyti sömu reglum og verðbætur skv. 1. og 2. lið. Frá og með 1. marz 1978 skal greiða verðbótaauka sem prósentu af kaupum, sbr. 2. lið, þannig að hafi reiknuð verðbótavísitala á næstliðnu þriggja mánaða tímabili reynzt meira en 1% hærri en verðbótavísitalan, sem þá var í gildi, skal greiða verðbótaauka sem svarar því, sem umfram er á næsta þriggja mánaða tímabili. Verðbótaauki er tímabundinn og fellur niður að loknu hverju þriggja mánaða tímabili, en þá tekur nýr verðbótaauki við, ef tilefni gefst.

5. Meðan verðlagsbætur eru greiddar sem krónutala skulu þær ekki valda hækkun á reiknitölum hvetjandi launakerfa, heldur greiðast sem uppbót á unna klukkustund samkvæmt tímaskýrslum. Frá

og með 1. marz 1978 skulu grunntölur hvetjandi launakerfa taka sömu hlutfallsbreytingum og kaup vegna verðlagsbóta.

Ofangreindar reglur um verðlagsbætur skulu einnig gilda þegar um er að ræða kaup, sem byggt er upp sem hlutfall af lægri taxta.“

Með 1. og 2. gr. laga nr. 3/1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum voru sett ákvæði um verðbætur á laun. Eru ákvæði þessi svohljóðandi:

„1. gr.

Hinn 1. mars 1978, 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka sem Kauplagnesnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagnesnefnd tilkynnir opinberlega hvaða hækkanir skulu verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

2. gr.

Nái verðbætur á heildarlaun launþega í fullu starfi skv. 1. gr. ekki sem svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1% sem öll hækkun verðlagsbóta að meðtöldum verðbótaauka hefur numið hverju sinni skal til viðbótar greiða verðbótaviðauka sem nemur því sem á vantar að 880 kr. markinu sé náð.

Fyrir launþega sem ekki er í fullu starfi lækka viðmiðunarfjárhæðir skv. þessari grein hlutfallslega. Hugtakið fullt starf skal í hverju einstöku tilviki skilgreina skv. ákvæðum gildandi kaup og kjarasamnings stéttarfélags viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

Varðandi þá sem vinna einstaka daga eða hluta úr mánuði hjá viðkomandi vinnuveitanda skal beita reglum 1. mgr. þessarar greinar með þeim hætti að fundið skal hver verið hefðu heildarlaun þeirra ef þeir hefðu unnið með sama hætti heilan mánuð. Eigi þeir rétt til verðbótaviðauka skv. því greiðist hann í hlutfalli við þann daga-fjölda sem viðkomandi hefur unnið.

Heildarverðbætur skv. þessari grein og 1. gr. skulu aldrei verða hærri en fullar verðbætur hefðu orðið fyrir gildistöku laga nr. 3/1978.“

Stefnandi sagði upp áðurgreindum kjarasamningi aðilanna frá 28. apríl 1976 og féll hann úr gildi 15. október 1977, en félagsmenn stefnu

anda störfuðu áfram. Fengu þeir greidd grunnaun með hækkun samkvæmt framfærsluvísitölu til 1. mars 1978.

Vísitala framfærslukostnaðar 1. nóvember 1977 var 840 stig og 1. febrúar 1978 var hún 963 stig. Félagsmenn stefnanda töldu laun sín eiga að hækka 1. marz 1978 í hlutfalli við þessa hækkun framfærsluvísitölnnar. Af hálfu varnaraðila var hins vegar talið, að félagsmenn stefnanda væru bundnir ákvæðum 1. gr. laga nr. 3/1978, þannig að hækka bæri laun félagsmanna stefnanda 1. marz 1978 sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem orðið hafði á verðbótavísitölu þeirri og verðbótataka, sem Kauplagnsefnd reiknaði út fyrir greint tímabil samkvæmt 3. gr. kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og fleiri launþegasamtaka við vinnuveitendur frá 22. júní 1977. Nam launahækkun sú, sem varnaraðilar töldu rétt að greiða 5.32%, en félagsmenn stefnanda töldu launahækkun á grundvelli hækkunar framfærsluvísitölu eiga að nema 11.38%. Er ekki náðist samkomulag um þetta atriði urðu aðilar sammála um að leggja ágreiningsefnið fyrir Félagsdóm samkvæmt yfirlýsingu dags. 20. júní 1978.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verðbótavísitala sú, sem samið var um í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda frá 22. júní 1977 sé sérstök vísitala með sérstakt og sjálfstætt gildi og hlutverk. Felist það bæði í eðli málsins og orðanna hljóðan, enda sé vísitalan ekki aðeins kölluð „sérstök“ heldur og skýrt tekið fram, að hún hafi eigin grunntölu og eigin grunn. Einnig sé ljóst, að hugtakið verðbætur sem hluti af launum sé tilkomið með þessum kjarasamningi og sé það og verðbótavísitalan alls kostar háð hvort öðru. Hugtakið „verðbótavísitala“ tákni þannig þá sérstöku vísitölu, sem nota eigi til að reikna verðbætur í merkingu samningsins og hugtakið verðbætur merki þann launalið, sem reikna beri eftir þessari umsömdu vísitölu. Hugtökin „verðbætur“ og „verðbótavísitala“ hafi því ekki aðra eða sjálfstæða merkingu, en þá, sem þeim sé gefin með þessum kjarasamningi. Hugtök þessi hafi einnig verið tekin upp í aðalkjarasamning fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem gerður hafi verið hinn 25. október 1977, og hafi þau þar einnig þá sérstöku og bundnu merkingu, sem áður er rakið, enda þar byggt á beinni tilvísun í verðbótavísitölu kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda. Við athugun á ákvæðum 1. gr. laga nr.

3/1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og aðdraganda að setningu laganna sé ljóst, að lögunum hafi verið ætlað að draga úr áhrifum fyrrgreinds kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda. Það liggja því í augum uppi, að hugtökin „verðbætur“ og „verðbótaauki“, sem notuð eru í lögunum, hafi þá sérstöku og bundnu merkingu, sem tengd sé kjarasamningnum. Samkvæmt ákvæðum laganna skuli verðbætur samkvæmt greindum samningi Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda á grundvelli hinnar sérstöku verðbótavísitölu kjarasamningsins takmarkaðar með tilteknum hætti. Af þessu leiði m.a., að lögin standi ekki í vegi fyrir launabreytingum á grundvelli annarra vísitalna, svo sem hinni almennu framfærsluvísitölu, sem byggt sé á í kjarasamningi málsaðila. Hefði löggjafanum verið næsta auðvelt um vik, ef hann hefði ætlað lögunum að ná til fleiri kjarasamninga en þeirra, sem byggja á verðbótavísitölu og verðbótum í þeirri merkingu, sem áður er rakin. Þetta hafi ekki verið gert og hljóti túlkun og framkvæmd laganna að fara eftir því. Hafi flugmönnum Loftleiða með samningi aðilja frá 22. apríl 1976 verið tryggðar launahækkanir á grundvelli hinnar almennu framfærsluvísitölu. Ákvæði samningsins um beitingu framfærsluvísitölnnar hafi að verulegu leyti verið sniðin eftir þágildandi ákvæðum um sama efni í hinum almenna kjarasamningi Alþýðusambands Íslands frá 28. febrúar s.á. Þetta hafi þó aðeins gilt um launabreytingar fram til 1. júní 1977, því að samkvæmt yfirlýsingu málsaðila 28. apríl 1976, er verið hafi hluti samningsins, hafi flugmönnum verið tryggðar launabreytingar frá og með 1. júní 1977 á þriggja mánaða fresti í beinu hlutfalli við áorðnar breytingar á framfærsluvísitölnni eftir 1. febrúar 1977, án nokkurs frádráttar eða aðlögunar á henni. Samningi málsaðila hafi verið sagt upp hinn 15. október 1977, er umsaminn gildistími rann út, en flugmenn hafi fengið launahækkun eftir þessari reglu hinn 1. desember 1977. Jafnframt sé ágreiningslaust og áskilið milli aðilanna að samskonar hækkun á grundvelli samningsins hefði að öðru jöfnu átt að koma til framkvæmda hinn 1. marz 1978 og einnig hinn 1. júní 1978, þar til ákvæði nýs kjarasamnings tækju gildi. Ágreiningur aðilanna sé aðeins um það, hvort ákvæði laga nr. 3/1978 standi þessu í vegi, þannig að framkvæmd kjarasamningsins takmarkist við þá hækkun verðbóta samkvæmt verðbótavísitölu, er ákveðin hafi verið í lögum nr. 3/1978. Þótt



aðilar málsins hafi gert með sér nýjan kjarasamning hinn 20. júní 1978 skipti það ekki máli um úrlausn ágreiningsins. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að krafan um launahækkun til handa flugmönnum Loftleiða hinn 1. marz 1978 í hlutfalli við hækkun hinnar almennu framfærsluvísitölu sé byggð á lögmætum réttindum, er þeir hafi áunnið sér með löglegum kjarasamningum við vinnuveitendur sína löngu áður en lög nr. 3/1978 tóku gildi. Sú skoðun að lögin hafi orðið til að takmarka þessi réttindi fái með engu móti staðist og snerti efni laganna ekki samning flugmanna. Lögin beinist að öðrum samningum, sem gerðir hafi verið löngu síðar á hinum almenna vinnumarkaði, og fjalli um aðra vísitölu og launabreytingarreglu en þær, sem flugmenn hafi samið um. Flugmenn Loftleiða séu ekki aðeins óbundnir af þeim samningi heldur og óháðir aðilum þeirra, þar sem félag þeirra sé ekki í Alþýðusambandi Íslands eða öðrum samtökum launþega. Þegar lög nr. 3/1978 öðluðust gildi hafi staðan í kjaramálum flugmanna legið ljós fyrir og því verið auðvelt að taka sérstaklega afstöðu til þeirra, ef því var að skipta. Það hafi ekki verið gert og því séu engin rök til að synja flugmönnum um efndir á kjarasamningum sínum í samræmi við efni þeirra.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í máli þessu sé um það að tefla, hvort lög nr. 3/1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum nái til allra launþega hér á landi eða hvort Félag Loftleiðaflugmanna sé eina stéttarfélagið, sem lögin taki ekki til. Samkvæmt athugasemdum við frumvarp að lögunum sé tilgangur þeirra „að takmarka nokkuð þær kauphækkanir, sem ráðgerðar eru með kjarasamningum, enda væru önnur úrræði of seinvirk eða hefðu í för með sér hættu á atvinnubresti“. Í 2. gr. laganna sé ákvæði sem tryggi að hinir tekjulægri í hópi launþega verði ekki fyrir sama frádrætti. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu segi um þetta orðrätt: „Þrátt fyrir takmörkun verðbóta samkv. 1. gr. frv. er þó tryggt með ákvæði um lágmarksverðbætur í 2. gr. að þessi frádráttur komi ekki fram með fullum þunga gagnvart hinum tekjulægri í hópi launþega.“ Samkvæmt reglugerð nr. 104//1978 um verðbótaviðauka, sem gefin hafi verið út með stöð í lögunum, sé skilgreint, hverjir séu hinir tekjulægri launþegar, sem fái meira en hálfar verðbætur. Sé um að ræða þá launþega, sem samtals hafi fengið greitt í mánaðarlaun allt að kr. 169.000.00, ef um féлага í aðildarfélagi Alþýðu-

sambands Íslands var að ræða, en kr. 186.000.00 ef um var að ræða félagsmann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hér sé augljóslega um að ræða tæmandi upptalningu á þeim launþegum, sem ætlast hafi verið til að fengju meira en helmings verðbætur samkvæmt ákvæðum laganna. Flugmenn geti ekki talist til hinna tekju-lægri í hópi launþega, heldur til hinna tekjuhærri. Með notkun orðanna „verðbætur“ og „verðbótavísitala“ í lögnum hafi lög-gjafinn verið að ákveða, hvernig með verðbætur skyldi almennt farið að lögum, þ.e. að þær skyldu greiðast að hálfu og hafi eina undantekningin, sem gerð var frá þessari reglu verið í 2. gr. laganna. Ef löggin hafi ekki átt að ná til tiltekinna hópa, hlyti þess að vera getið í texta laganna sjálfra. Þótt flugmönnum hafi verið greidd launahækkun samkvæmt framfærsluvísitölu eftir að stefnandi hafi sagt upp kjarasamningi sínum við varnaraðila þá skapi það engan rétt. Varnaraðiljum hafi ekki verið skylt að greiða kauphækkun, eftir að samningar runnu út, enda segi í samningi þeirra, 10. tl.: „Laun hækki hlutfallslega um hækkun framfærsluvísitölu á tímabilinu 1.4. til 1.8. 1977“ og sé ekki gert ráð fyrir neinu framhaldi þar á. Þessi hækkun hafi hins vegar verið greidd af varnaraðilum í trausti þess að vinnufriður héldist. Á þeim tíma hafi verðbótagreiðslur á hinum almenna vinnumarkaði verið hliðstæðar og þá hafi ekki verið í gildi nein lög um, hvernig fara skyldi um greiðslu verðbóta eða vísitölubóta. Meginmunurinn hafi þó verið sá, að aðildarfélögum innan Alþýðusambands Íslands hafi verið greiddar verðbætur í krónutölu, þ.e. kr. 930.00 fyrir hvert stig, sem verðbótavísitalan að viðbættum verðbótaauka hafi hækkað frá 1. ágúst til 1. nóvember 1977, eða kr. 9.319.00 samanlagt. Verðbætur til flugmanna, sem varnaraðilar greiddu hafi hins vegar verið 9.61% á öll laun. Frekari hækkanir samkvæmt framfærsluvísitölu hafi ekki komið til álita af hálfu varnaraðila vegna þess að í febrúar hafi gengið í gildi áðurgreind lög nr. 3/1978, sem hafi kveðið á um, hvernig verbætur launa skyldu reiknaðar og greiddar. Frá og með 1. marz hafi svo varnaraðilar greitt starfsmönnum sínum í Félagi Loftleiðaflugmanna eins og öllum öðrum starfsmönnum verðbætur samkvæmt greindum lögum. Sé vandséð að hlutur Loftleiðaflugmanna hafi verið fyrir borð borinn í þessu efni. Ef litid sé á hækk-anir þær, sem orðið hafi, annars vegar á verðbótavísitölu að vit-bættum verðbótaauka og framfærsluvísitölu hins vegar, komi í ljós

að þessar tvær vísitölur séu byggðar upp á mjög líkum grunni og hækkanir þeirra hafi orðið mjög svipaðar. Ljóst sé að á árabílinu 1. maí 1971 til 1. des. 1977 hafi Loftleiðaflugmenn fengið hlutfallslega meiri launahækkanir en launþegar almennt á því tímabili. Af þessu sé ljóst, að flugmenn Loftleiða séu jafnvel betur settir heldur en almennir launþegar í landinu og því sé enn síður ástæða til að láta þá nú njóta fullra vísitölubóta, þegar verið sé að skera niður mjög verulega vísitölubætur til allra annarra launþega í landinu. Raunin hafi einnig orðið sú, að vísitölubætur samkvæmt lögum nr. 3/1978 hafi tryggt Loftleiðaflugmönnum ekki lakari kjarabætur en aðrir hafi fengið. Af þeim sökum sé engin sérstök ástæða til að greiða Loftleiðaflugmönnum meiri vísitölubætur en öðrum, enda sé ljóst að löggjafinn hafi ekki ætlað til þess að það yrði gert. Er því haldið fram að almenn merking orðsins verðbætur í 1. gr. laga nr. 3/1978 taki til hvers konar uppbóta vegna verðhækkana hverju nafni sem þær nefnast, hvort sem um er að ræða verðbótavísitölu að viðbættum verðbótaauka, verðbótavíðauka eða framfærsluvísitölu.

*Álit dómsins:*

Ágreiningslaust er með aðilum, að samningur þeirra frá 20. júní 1978 eigi ekki að hafa áhrif á efni máls þessa.

Með ákvæðum laga nr. 3/1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum var kveðið á um margvíslega nýskipan, og í I. kafla laganna eru launahækkanir af völdum vísitöluhækkana takmarkaðar, svo sem hér segir, sbr. 1. gr.:

„Hinn 1. mars 1978, 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem Kauplagnesnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagnesnefnd tilkynnir opinberlega, hvaða hækkanir skuli verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.“

Samkvæmt orðum sínum takmarkar greinin þannig verðbætur við það, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem Kauplagnesnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamnings, en ákvæði þar að lútandi eru í kjarasamningum fjölmennustu samtaka vinnumarkaðarins. Verður að líta svo á, að hér

sé um að ræða almenna viðmiðun, sem eigi við alla kjarasamninga.

Í 1. gr. laganna er enginn kjarasamningur nefndur sérstaklega, og í öðrum ákvæðum laganna er mælt fyrir um málefni, sem snerta landsmenn flesta, svo sem bætur almannatrygginga og álagningu tekjuskatts og eignarskatts. Sýnir það, að ákvæðum laganna var ætlað að vera almenns eðlis og ákvæði I. kafla laganna hafa átt að taka til launþega almennt óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir voru. Taka athugasemdir þær, sem fylgdu frumvarpi til laganna af öll tvímæli um þetta.

Verður niðurstaðan því sú, að lögin hafi einnig tekið til félagsmanna stefnanda og ber að sýkna stefnda af kröfum hans.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Sigurður Línal, Ingi R. Helgason og Páll S. Pálsson.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Flugleiða h/f og Loftleiða h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags Loftleiðaflugmanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.